

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Húnaþingi vestra.

Deiliskipulag í landi Dælis í Víðidal.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkt breytingu á deiliskipulagi í landi Dælis í Víðidal í Húnaþingi vestra. Breytingin felur m.a. í sér að svæði C og D sem ætluð voru fyrir smáhýsi eru felld út og gert er ráð fyrir þremur nýjum gistihúsum í nágrenni við íbúðarhúsið.

Greinargerð og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 18. apríl 1996.

F.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra, 23. mars 2011,

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. apríl 2011